



Brynhildur Pétursdóttir

Sykurskattur rétta leiðin?

Margir eru sannfærðir um að sykurskattur sé besta leiðin til að minnka óhóflega sykurneyslu og þegar þetta er skrifað lítur út fyrir að hugmyndir um sykurskatt verði jafnvel að veruleika. Mér finnst þó að reyna ætti allar aðrar leiðir fyrst.

Skýr skilaboð

Hér í Neytendablaðinu hefur verið sagt frá herferð sem Danir fóru í árið 2007 og miðaði að því að minnka sykurneyslu þar í landi. Við það tækifæri gaf danski neytendamálaráðherra út þá yfirlýsingu – byggða á ráðleggingum sérfræðinga – að börn ættu ekki að drekka meira en hálfan lítra af gosi eða sætum safu á viku. Ráðherrann sagðist tala hreint út því foreldrar ættu oft erfitt með að skilja hvað „hófleg neysla“ væri. Röggsemi ráðherrans er til eftirbreytni. Íslenskir foreldrar þurfa ekki síður skýr skilaboð en þeir dönsku.

Ýtarlegri umfjöllun

Fyrir rúnum áratug var sýndur danskur fréttaskýringarþáttur í ríkissjónvarpinu um sykurneyslu danskra barna. Þátturinn vakti verðskuldaða athygli og umtal. Umræðan dó þó út eftir einhvern tíma enda ekkert gert til að fylgja henni eftir. Því miður er umræðan á Íslandi oft yfirborðskennd enda málin gjarnan afgreidd með stuttum viðtölum, jafnvel í beinni útsendingu þar sem fólk með andstæðar skoðanir deilir. Norðurlandamet í sykurneyslu er klárlega efni í athyglisverðan og fróðlegan þátt. Ef Danir geta gert hrollvekjum um sykurneyslu danskra barna hvað ættum við þá ekki að geta hrist fram úr erminni?

Markaðssetning

Seljendur og framleiðendur hafa komist upp með að beina óhollustu að börnum án nokkurrar gagnrýni sem heitið getur. Talsmaður neytenda og umboðsmaður barna gáfu fyrir á árinu út leiðbeinandi reglur sem miða að því að minnka markaðsáreiðið á börn. Þar er m.a. annars tekið á markaðssetningu óhollustu. Heilmikið starf liggur að baki þessu góða framtaki. Hafi stjórnmöld áhyggjur af heilsufari íslenskra barna ættu þau að hjálpa til við að kynna þessar reglur og kalla opinberlega eftir því að markaðurinn axli ábyrgð. Fari markaðurinn ekki eftir þessum leiðbeinandi reglum á að lögfesta þær.

Merkingar á matvælum

Þar sem sykur er fremur ódyrt uppfyllingarefni er það vinsælt hráefni í ýmis matvæli. Framleiðendum ætti að vera skylt að gefa upp magn viðbættis sykurs í matvælum. Það væru upplýsingar sem kæmu neytendum að gagni.

Snúum þróuninni við

Það er eiginlega skammarlegt að þjóð sem hefur jafngóðan aðgang að drykkjarvatni og við skuli setja Norðurlandamet í sykurneyslu ár eftir ár. Við hljótum að geta snúið þróuninni við þannig að þetta einkennilega umburðarlyndi gagnvart gosþambi og sælgætisáti heyri sögunni til. Hátt verð á gosdrykkjum og sætindum hefur hingað til ekki haft mikinn fælingarmátt. Það þarf því annað og meira til.

Efni

Leiðari ritstjóra	2
Leiðbeininga- og kvörtunarþjónustan	3
Innheimta og vanskil	4
Lántökukostnaður	5
Gagnrýni á efnahagslíf vísað á bug	6
Ví situr fyrir svörum	7
Dömureiðhjól	9
Matvælaeftirlit	10
GDA-merkingar	12
Frá formanni	13
Fjallahlaup og skokk	14
Klónaðar kýr	17
Efðabreyttur maís	18
Saltur ostur	19
Verðkönnun hjá tannlæknum	20
Netnotkun barna	21
Facebook	22
Verslað á netinu	23



Blaðið er prentað á umhverfisvænan hátt.

NEYTENDABLAÐIÐ

2. tbl., 55. árg. – júní 2009

Útgefandi: Neytendasamtökin,

Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík

Sími: 545 1200 Fax: 545 1212

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ábyrgðarmaður: Jóhannes Gunnarsson

Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir

Ritnefnd: Jóhannes Gunnarsson, Þuríður

Hjartardóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Yfirlestur: Finnur Friðriksson

Umbrot og hönnun: Uppheimar ehf.

Prentun: Guðjón Ó ehf. – vistvæn prentsmiðja

Forsíðumynd: iStockphoto

Upplag: 13.500 eintök, blaðið er sent öllum

félagsmönnum í Neytendasamtökunum

Ársáskrift: Árgjald Neytendasamtakanna

er 4.300 krónur og innifalið í því er

Neytendablaðið, 4 tölublöð á ári.

Heimilt er að vitna í Neytendablaðið í öðrum fjölmiðlum sé heimildar getið. Óheimilt er þó að birta heilar greinar eða töflur án leyfis Neytendasamtakanna. Upplýsingar úr Neytendablaðinu er óheimilt að nota í auglýsingum og við sölu nema skriflegt leyfi Neytendasamtakanna liggja fyrir.

Lykilorð á heimasíðu: hlaup06